

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2016

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (758. mál)


Viðskiptaráð þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu eru lagðar fram tvær breytingar, annars vegar hækkun á veltumörkum fyrir þá sem eru undanþegnir virðisaukaskattskyldu og hins vegar hækkun á fjárhæðamörkum uppgjörstímabila. Frumvarpi þessu er ætlað að minnka álag á skattyfirvöld og draga úr reglubyrði smærri aðila með aukna skilvirkni fyrir augum. Viðskiptaráð telur frumvarpið mjög til bóta og vel til þess fallið að ná fram markmiðum sínum.

Samkvæmt lögum um virðisaukaskatt eru þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili undanþegnir virðisaukaskattskyldu. Í frumvarpi þessu er lagt til að veltumörkin verði hækkuð í 2.000.000 kr. Ákvæði þetta felur í sér töluverða einföldun fyrir lítil fyrirtæki og bætir rekstrarumhverfi þeirra. Með því að hækka veltumörkin njóta fleiri fyrirtæki þess hagræðis sem ákvæðið felur í sér. Hækkun veltumarkna úr 1.000.000 kr. í 2.000.000 kr. er einnig hófleg ef lítið er til þess að fjárhæðamörkin hafa staðið óbreytt frá árinu 2011. Þar sem að veltumörkin eru ekki vísitölutengd hvetur Viðskiptaráð til þess að þau verði tekin til endurskoðunar innan fárra ára svo að framangreind markmið frumvarpsins haldist í raun og verði ekki að engu.

Í núgildandi lögum er kveðið á um að ef virðisaukaskattsskyld velta skráningarskyldra aðila sé minni en 3.000.000 kr. á ári sé ráðherra heimilt að kveða í reglugerð á um lengra uppgjörstímabil og annað greiðslufyrirkomulag. Með frumvarpinu er lagt til að fjárhæðamörkin verði hækkuð í 4.000.000 kr. Viðskiptaráð telur þessa breytingu einnig vera til bóta og til þess fallna að einfalda rekstrarumhverfi lítilla fyrirtækja. Viðskiptaráð hvetur jafnframt til þess að ákvæði þetta verði endurskoðað með sömu rökum og að framan greinir.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,



Margrét Berg Sverrisdóttir, lögfræðingur